

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 24. júní 2021
UST202106-152/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Lækur II – Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Læk II í Ölfusi. Í greinargerð kemur fram að í gildandi aðalskipulagi er skipulagssvæðið sem er um 5 ha. að stærð skilgreint sem landbúnaðarland. Auk þess kemur fram að heimilt er að reisa íbúðarhús, vinnustofur, geymslur, baðhús, vélageymslu, hlöðu, gripahús, frístundahús, hænsnakofa og leikhús.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að tillagan raski ekki verndargildi malarkambs sem er á náttúruminjaskrá.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: *„Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“*

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólþ.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur